
¹ In accordance with Article 32 (1) of the Basic Regulation, the Agency provides for translations of its Opinions. These translations may be revised and updated from time to time, depending on the quality process of the Translation Centre for the bodies of the EU and on feedback received from national authorities on their linguistic accuracy. The previous translation has been taken off the Official Publication and archived by EASA.



Brussel, ...

C

Tillaga að

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) Nr. .../...

frá [...]

sem breytir reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. .../... sem setur fram sameiginlegar flugreglur og rekstrarákvæði er varða þjónustu og ferli í flugleiðsögu og breytir reglugerðum (EB) nr. 2096/2005, (EB) nr. 1794/2006, (EB) nr. 730/2006, (EB) nr. 1033/2006 og (EB) nr. 255/2010

(Texti sem varðar EES)

Tillaga að

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) Nr. .../...

frá [...]

sem breytir reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. .../... sem setur fram sameiginlegar flugreglur og rekstrarákvæði er varða þjónustu og ferli í flugleiðsögu og breytir reglugerðum (EB) nr. 2096/2005, (EB) nr. 1794/2006, (EB) nr. 730/2006, (EB) nr. 1033/2006 og (EB) nr. 255/2010

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 frá 10. mars 2004 sem setur fram rammagerðina fyrir sköpun samevrópsks loftrýmis, eins og henni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1070/2009 frá 21. október 2009 sem breytir reglugerðum (EB) nr. 549/2004, (EB) nr. 550/2004, (EB) nr. 551/2004 og (EB) nr. 552/2004 svo að bæta megi afköst og sjálfbærni hins evrópska flugmálakerfis (hér eftir nefnd 'rammareglugerðin') ⁽²⁾, einkum gr. 5 og 8,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 551/2004 frá 10. mars 2004 um skipulag og notkun samevrópsks loftrýmis, með breytingum reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1070/2009 frá 21. október 2009, sem breytir reglugerðum (EB) nr. 549/2004, (EB) nr. 550/2004, (EB) nr. 551/2004 og (EB) nr. 552/2004 svo að bæta megi afköst og sjálfbærni hins evrópska flugmálakerfis (hér eftir nefnd 'loftrýmisreglugerðin') ⁽³⁾, einkum gr. 4,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur á sviði almenningsflugs og stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu, með breytingum reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1108/2009 frá 21. október 2009 (hér eftir nefnd 'EASA grunnreglugerðin'), einkum gr. 8 og 8b og viðauki Vb,

² Stjórnartíðindi EB L 300, 14.11.2009, bls. 34.

³ Stjórnartíðindi EB L 300, 14.11.2009, bls. 34.

SAMÞYKKT ÞESSA REGLUGERÐ :

Grein 1

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. .../... er breytt sem hér segir:

Í 2. grein er eftirtöldum skilgreiningum bætt við:

“veðurathugun loftfars” merkir mat á einum eða fleiri veðurfræðilegum þáttum sem framkvæmt er af loftfari á flugi.

‘AIRMET upplýsingar’ eru upplýsingar sem gefnar eru út af aðalveðurstofu og lúta að atviki eða væntanlegu atviki tiltekins veðurfyrirbæris á flugi sem getur haft áhrif á öryggi aðgerða loftfars á lágflugi og sem var ekki hluti af þeirri spá sem gefin var út fyrir lágflug á því flugupplýsingasvæði sem um ræðir eða undirsvæði þess.

‘flugskýrsla’ er tilkynning frá loftfari á flugi sem útbúin er í samræmi við kröfur um stöðu og rekstrarlega skýrslugjöf og/eða veðurskeyti.

‘fyrirmæli flugumferðarstjórnar’ eru tilskipanir sem gefnar eru út af flugumferðarstjórn sem krefjast þess að flugmaður grípi til tiltekinna aðgerða.

‘sjálfvirkt flugvallarútvarp’ (e. automatic terminal information service, ATIS) er sjálfvirk upplýsingaþjónusta sem veitir loftförum í að- og brottflugi venjubundnar og gildandi upplýsingar allan sólarhringinn eða í ákveðinn tíma:

- a. ‘flugvallarútvarp um gagnatengingu’ (e. data link-automatic terminal information service, D-ATIS) er veiting ATIS-þjónustu í gegnum gagnasamband.
- b. ‘Flugvallarútvarp með tali’ (e. voice-automatic terminal information service, Voice-ATIS) er veiting ATIS með samfelldri og endurtekinni útvörpun á tali.

‘heimildarmark’ er sá staður sem loftfar fær flugheimild til.

‘flugheimild síðar á flugleið’ er heimild loftfars sem flugumferðarstjórnareining gefur út sem ekki er núverandi stjórnvald þess loftfars.

‘markvert ský’ er ský með skýjaþekjuhæð lægri en 1.500 m (5.000 fet) eða lægri en lágmarksflughæð í geira, hvort sem er hærri, eða skúra- eða éljaský eða háreistir bólstrar í hvaða hæð sem er.

‘spá’ lýsing á væntanlegum veðurþáttum í tilgreindan tíma eða yfir tilgreint tímabil, eða í skilgreindum hluta loftrýmis.

‘talstöðvaskyldt svæði’ (e. radio mandatory zone, RMZ) er loftrými af skilgreindri stærð innan hvers fjarskiptabúnaður og notkun hans er lögbundin.

‘fjarleiðsöguþjónusta’ er þjónusta sem veitir leiðsöguupplýsingar eða upplýsingar um staðsetningu fyrir skilvirka og örugga starfrækslu loftfars með hjálp eins eða fleiri fjarleiðsögutækja.

‘flugbrautarskyggni’ (e. runway visual range, RVR) er sú fjarlægð sem flugmaður loftfars á miðlínu flugbrautar getur séð yfirborðsmerkingar á flugbraut eða ljósin sem afmarka hana eða sýna miðlínu hennar.

‘SIGMET upplýsingar’ eru viðvaranir gefnar út af aðalveðurstofu um veðurfyrirbrigði eða væntanleg veðurfyrirbrigði sem haft geta áhrif á öryggi loftfara ‘villuráfandi loftfar’ er loftfar sem vikið hefur verulega af ætlaðri leið sinni eða tilkynnir að það sé villt.

‘ráðgjöf til að afstýra árekstri’ er ráðgjöf sem gefin er af flugumferðarstjórnareiningu sem tilgreinir flugbrögð sem aðstoða flugmann við að forða árekstri.

‘upplýsingar um flugumferð’ eru upplýsingar sem gefnar eru út af flugumferðarstjórnareiningu og gera flugmanni viðvart um aðra flugumferð sem gæti verið nærri staðsetningu eða ætlaðri flugleið loftfars og hjálpa flugmanninum við að forða árekstri.

‘afhendingarstaður flugstjórnar’ er skilgreindur staður á flugleið loftfars, þar sem ábyrgð á veitingu flugumferðarstjórnar til loftfarsins flyst frá einni flugstjórnareiningu eða vinnustöð til hins næsta.

‘skiptilag’ er lægsta fluglag sem nota má yfir skiptihæð.

‘ratsjárvaraskyld svæði’ (e. transponder mandatory zone, TMZ) er loftrými af skilgreindri stærð innan hvers skyld er hafa um borð og nota ratsjársvara sem gefa upplýsingar um málþrýstingshæð.

‘óþekkt loftfar’ er loftfar sem sést hefur eða tilkynnt er um að sé innan ákveðins svæðis en hefur ekki verið auðkennt.”

Í viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. .../..., er hluta B samkvæmt viðaukanum við þessa reglugerð skotið inn í.

Grein 2

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á 20sta degi eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún skal gilda frá [XX/XX/XX].

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel, [...]

Fyrir hönd Framkvæmdastjórnarinnar

[...]

Forsetinn

VIÐAUKI

Hluti B — Kröfur er varða þjónustu í flugleiðsögu

Kafli 1 — Flugumferðarþjónusta

1.1 Almenn

1.1.1 Markmið flugumferðarþjónustunnar

1.1.1.1 Markmið flugumferðarþjónustunnar skal vera að :

- a) koma í veg fyrir árekstra á milli loftfara;
- b) koma í veg fyrir árekstra á milli loftfara á loftfarasvæðinu og hindranir á því svæði;
- c) stuðla að og viðhalda skipulegu flæði flugumferðar;
- d) veita ráðgjöf og upplýsingar sem koma að gagni við örugga og skilvirka stjórnun flugs;
- e) tilkynna viðeigandi stofnunum um loftför sem þarfnast leitar- og björgunaraðstoðar, og aðstoða slíkar stofnanir eins og þarf.

1.1.2 Samræming á milli flugrekanda og flugumferðarþjónustu

1.1.2.1 Flugumferðarþjónustueiningar skulu, við þjónustuveitingu sína, taka tilhlýðilegt tillit til krafna flugrekanda sem leiða af skyldum þeirra eins og þær eru tilgreindar í viðkomandi reglum Evrópusambandsins um flugrekstur, og, sé þess krafist af flugrekendum, gera þeim eða útnefndum fulltrúum þeirra aðgengilegar slíkar upplýsingar sem tiltækar eru, svo að þeim eða útnefndum fulltrúum þeirra sé gert kleift að sinna skyldum sínum.

1.1.2.2 Þegar þess er farið á leit af flugrekanda, skulu skilaboð (þar á meðal staðsetningarskýrslur) sem móttekin eru af flugumferðarþjónustueiningum og lúta að starfrækslu þess loftfars sem sá flugrekandi veitir aðgerðastjórnunarþjónustu, að því marki sem mögulegt er, tafarlaust gerð aðgengileg flugrekandanum eða útnefndum fulltrúa í samræmi við ferli sem samþykkt eru á svæðinu.

1.1.3 Tími í flugumferðarþjónustu

1.1.3.1 Flugturnar flugvalla skulu, fyrir akstur loftfara fyrir flugtak, gefa flugmanninum upp réttan tíma, nema að ráðstafanir hafi verið gerðar svo að flugmaðurinn fái hann annars staðar frá. Flugumferðarþjónustueiningar skulu ennfremur gefa loftförum upp réttan tíma þegar þess er farið á leit. Tímaathuganir skulu veittar við næstu hálfu mínútu.

1.2 Loftrýmisflokkun

1.2.1 Aðildarríki skulu, eins og hæfir þörfum þeirra, tilnefna loftrými í samræmi við eftirfarandi loftrýmisflokkunar og samkvæmt viðbæti 4:

Flokkur A. Einungis blindflug er leyft. Öllu flugi er veitt þjónusta flugumferðarstjórnunar og er aðskilið frá hvort öðru. Samfelldra talsamskipta milli loftfars og jarðar er krafist fyrir allt flug. Allt flug skal vera háð ATC heimild.

Flokkur B. Blindflug og sjónflug er leyft. Öllu flugi er veitt þjónusta flugumferðarstjórnunar og er aðskilið frá hvort öðru. Samfelldra talsamskipta milli loftfars og jarðar er krafist fyrir allt flug. Allt flug skal vera háð ATC heimild.

Flokkur C. Blindflug og sjónflug er leyft. Öllu flugi er veitt þjónusta flugumferðarstjórnunar og blindflug er aðskilið frá öðru blindflugi og frá sjónflugi. Sjónflug er aðskilið frá blindflugi og fær upplýsingar um flugumferð hvað varðar annað sjónflug og ráðgjöf til að afstýra árekstri sé þess farið á leit. Samfelldra talsamskipta milli loftfars og jarðar er krafist fyrir allt flug. Fyrir sjónflug gilda 250 hnúta hraðatakörk (e. indicated airspeed, IAS) undir 3.050 m (10.000 fetum) yfir meðalsjárhæð (e. above mean sea level, AMSL). Allt flug skal vera háð ATC heimild.

Flokkur D. Blindflug og sjónflug er leyft og öllu flugi er veitt þjónusta flugumferðarstjórnunar. Blindflug er aðskilið frá öðru blindflugi, fær upplýsingar um flugumferð hvað varðar sjónflug og ráðgjöf til að afstýra árekstri, sé þess farið á leit. Sjónflug fær upplýsingar um flugumferð hvað varðar allt annað flug og ráðgjöf til að afstýra árekstri, sé þess farið á leit. Samfelldra talsamskipta milli loftfars og jarðar er krafist fyrir allt flug og 250 hnúta hraðatakörk IAS gilda fyrir um allt flug undir 3.050 m (10.000 fetum) AMSL. Allt flug skal vera háð ATC heimild.

Flokkur E. Blindflug og sjónflug er leyft. Blindflugi er veitt þjónusta flugumferðarstjórnunar og er aðskilið frá öðru blindflugi. Allt flug fær upplýsingar um flugumferð, að því marki sem gagnlegt er. Samfelldra talsamskipta milli loftfars og jarðar er krafist fyrir blindflug. 250 hnúta hraðatakörk IAS gilda um allt flug undir 3.050 m (10.000 fetum) AMSL. Allt blindflug skal vera háð ATC heimild. Flokkur E skal ekki notaður fyrir flugstjórnarsvið.

Flokkur F. Blindflug og sjónflug er leyft. Allt þátttakandi blindflug fær ráðgjafarþjónustu og allt flug fær flugupplýsingarþjónustu, sé þess farið á leit. Samfelldra talsamskipta milli loftfars og jarðar er krafist fyrir blindflug sem tekur þátt í ráðgjafarþjónustunni og allt blindflug skal vera fært um að koma á talsamskiptum milli loftfars og jarðar. 250 hnúta hraðatakörk IAS gilda um allt flug undir 3.050 m (10.000 fetum) AMSL. ATC heimildar er ekki krafist.

Flokkur G. Blindflug og sjónflug er leyft og fær flugupplýsingarþjónustu, sé þess farið á leit. Allt blindflug skal vera fært um að koma á talsamskiptum milli loftfars og jarðar. 250 hnúta hraðatakörk IAS gilda um allt flug undir 3.050 m (10.000 fetum) AMSL. ATC heimildar er ekki krafist.

- 1.2.2 Útfærsla flokks F skal teljast tímabundin ráðstöfun þar til hægt er að leysa hana af hólmi með annarri flokkun.

1.3 Kröfur um samskipti og SSR ratsjársvara

1.3.1 Talstöðvaskyld svæði (e. radio Mandatory Zone, RMZ)

1.3.1.1 Sjónflug sem fer fram í hlutum loftrýmis úr flokkum E, F eða G og blindflug sem fer fram í hlutum loftrýmis úr flokkum F eða G, sem tilnefnt er sem talstöðvaskyld svæði (e. radio mandatory zone, RMS) af hinu lögbæra stjórnvaldi skal viðhalda samfelldri talsamskiptavakt milli loftfars og jarðar og koma á gagnkvæmum samskiptum, eins og þörf krefur, á viðeigandi samskiptarásum, nema það uppfylli önnur ákvæði sem kveðið er á um fyrir það tiltekna loftrými af hinu lögbæra stjórnvaldi.

1.3.1.2 Áður en farið er inn á talstöðvaskyld svæði, skulu flugmenn byrja á að kalla upp og tilkynna á viðeigandi samskiptarás þá stöð sem verið er að kalla upp, kallmerki, tegund loftfars, staðsetningu, fluglag, ætlan flugsins og aðrar upplýsingar sem hið lögbæra stjórnvald kveður á um.

1.3.2 Ratsjársvaraskyld svæði (e. transponder Mandatory Zone, TMS)

1.3.2.1 Allt flug sem fer fram í loftrými sem hið lögbæra stjórnvald hefur tilnefnt sem ratsjársvaraskyld svæði (e. transponder mandatory zone, TMS) skal hafa og nota SSR ratsjársvara sem hægt er að nota í ham A og C eða í ham S, nema að það uppfylli önnur ákvæði sem hið lögbæra stjórnvald kveður á um fyrir það tiltekna loftrými.

- 1.3.3 Loftrými sem tilnefnd eru sem talstöðvaskyld svæði og/eða ratsjársvaskyld svæði skulu réttilega kunngerð í Upplýsingahandbók flugmála.

1.4 Þjónusta við loftför í neyðartilvikum

- 1.4.1 Komi til þess að neyðarástand sé eða talið er að sé um borð í loftfari, þar meðtalið ólöglegt athæfi, skulu þjónustueiningar flugumferðar veita loftfarinu hámarks athygli, aðstoð og forgang umfram önnur loftför, eins og aðstæður krefjast hverju sinni.
- 1.4.2 Þegar ólögmæt athæfi á sér stað í tengslum við loftfar eða grunur er uppi um slíkt, skulu þjónustueiningar flugumferðarþjónustu tafarlaust annast beiðnir frá því loftfari. Upplýsingar sem mikilvægar eru fyrir örugga stjórnun flugsins skulu áfram sendar og það skal gripið til nauðsynlegra aðgerða sem flýta fyrir öllum stigum flugsins, sérstaklega öruggri lendingu loftfarsins.
- 1.4.3 Þegar ólöglegt athæfi á sér stað í tengslum við loftfar eða grunur er uppi um að það hafi átt sér stað, skulu þjónustueiningar flugumferðar, í samræmi við ferli sem samþykkt eru á svæðinu, tafarlaust upplýsa það lögbæra stjórnvald sem tilnefnt er af ríkinu og skiptast á nauðsynlegum upplýsingum við flugrekandann eða tilnefndan fulltrúa hans.

1.5 Ófyrirsjáanlegar aðstæður í flugi

1.5.1 Villuráfandi eða óþekkt loftfar

- 1.5.1.1 Um leið og þjónustueiningar flugumferðar verða varar við villuráfandi loftfar, skulu þær grípa til allra nauðsynlegra ráðstafana eins og kveðið er á um í 1.5.1.1.1 og 1.5.1.1.3 til að aðstoða loftfarið og tryggja flug þess.

1.5.1.1.1 Sé ekki vitað um staðsetningu loftfarsins, skal þjónustueining flugumferðar:

- a) reyna að koma á gagnkvæmum samskiptum við loftfarið, nema að slík samskipti séu þegar fyrir hendi;
- b) leita allra tiltækra leiða til að skera úr um staðsetningu þess;
- c) upplýsa aðrar þjónustueiningar flugumferðar hvers svæði loftfarið gæti hafa eða geti villst inná, og taka um leið tillit til allra þeirra þátta sem gætu haft áhrif á leiðsögu loftfarsins við viðkomandi aðstæður;
- d) upplýsa, í samræmi við samþykkt ferli á svæðinu, viðkomandi hernaðareiningar og veita þeim viðeigandi flugáætlun og aðrar upplýsingar er lúta að villuráfandi loftfari;
- e) biðja þær einingar sem vísað er til í c) og d) og önnur loftför á flugi um alla þá aðstoð sem þörf er á til að koma á samskiptum við loftfarið og við að ákvarða staðsetningu þess.

- 1.5.1.1.2 Kröfurnar í d) og e) skulu einnig gilda um þjónustueiningar flugumferðar sem upplýstar eru í samræmi við c).

1.5.1.1.3 Þegar skorið hefur verið úr um staðsetningu loftfarsins, skal þjónustueining flugumferðar:

- a) upplýsa loftfarið um staðsetningu þess og aðgerðir til úrbóta sem grípa skal til. Þessar ráðleggingar skulu tafarlaust veittar þegar ATS er meðvituð um að möguleiki sé á einelti eða annari hættu sem steðjar að öryggi loftfarsins; og
- b) veita, eins og þörf krefur, öðrum þjónustueiningum flugumferðar og viðkomandi hernaðareiningum viðeigandi upplýsingar er lúta að hinu villuráfandi loftfari og alla leiðsögn sem veitt hefur verið því loftfari.

- 1.5.1.2 Um leið og þjónustueining flugumferðar verður vör við óþekkt loftfar á sínu svæði, skal hún kappkosta að skera úr um auðkenni loftfarsins hvenær sem það er nauðsynlegt fyrir veitingu flugumferðarþjónustu eða þegar þess er krafist af viðeigandi hernaðaryfirvöldum í samræmi við samþykkt ferli á svæðinu. Í þessu skyni skulu þjónustueiningar flugumferðar grípa til þeirra eftirfarandi skrefa eins og við á hverju sinni:
- reyna að koma á gagnkvæmum samskiptum við loftfarið;
 - grennslast fyrir um flugið hjá öðrum þjónustueiningum flugumferðar innan flugupplýsingasvæðisins og biðja um aðstoð þeirra við að koma á gagnkvæmum samskiptum við loftfarið;
 - grennslast fyrir um flugið hjá öðrum þjónustueiningum flugumferðar aðliggjandi flugupplýsingasvæða og biðja um aðstoð þeirra við að koma á gagnkvæmum samskiptum við loftfarið;
 - reyna að fá upplýsingar frá öðrum loftförum á svæðinu.
- 1.5.1.2.1 Þjónustueining flugumferðar skal, eins og nauðsyn krefur, upplýsa viðeigandi hernaðareiningar um leið og skorið hefur verið úr um auðkenni loftfarsins.
- 1.5.1.3 Í tilviki villuráfandi eða óþekkt loftfars, skal íhugaður sá möguleiki að loftfarið hafi orðið fyrir ólöglegu athæfi. Telji þjónustueining flugumferðar að villuráfandi eða óþekkt loftfar hafi orðið fyrir ólöglegu athæfi, skal viðeigandi yfirvald sem tilnefnt er af ríkinu tafarlaust upplýst, í samræmi við samþykkt ferli á svæðinu.
- 1.5.2 Einelti borgaralegra loftfara
- 1.5.2.1 Um leið og þjónustueining flugumferðar kemst á snoðir um að loftfar hafi verið einelt innan hennar ábyrgðarsvæðis, skal hún grípa til slíkra af eftirfarandi skrefa eins og við á í tilteknum aðstæðum:
- reyna að koma á gagnkvæmum samskiptum við hið einelta loftfar eftir öllum tiltækum leiðum, þar á meðal neyðartíðninni 121,5 MHz, nema að slík samskipti séu þegar fyrir hendi;
 - upplýsa flugmann hins einelta loftfars um eineltið;
 - ná sambandi við eineltistjórnstöð sem hefur komið á gagnkvæmum samskiptum við eineltiloftfarið og veita henni tiltækar upplýsingar um loftfarið;
 - koma áfram skilaboðum á milli eineltiloftfarsins eða eineltistjórnstöð og hins einelta loftfars, eins og þörf krefur;
 - grípa til allra nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja öryggi hins einelta loftfars í náinni samvinnu við eineltistjórnstöðina;
 - upplýsa þjónustueiningar flugumferðar sem þjónusta aðliggjandi flugupplýsingasvæði ef svo virðist sem loftfarið hafi villst frá slíkum aðliggjandi flugupplýsingasvæðum.
- 1.5.2.2 Um leið og þjónustueining flugumferðar kemst á snoðir um að loftfar hafi verið einelt utan ábyrgðarsvæðis hennar, skal hún grípa til þeirra eftirfarandi skrefa eins og við á í tilteknum aðstæðum:
- upplýsa þjónustueiningu flugumferðar sem þjónustar það loftrými þar sem eineltið á sér stað, veita þessari einingu tiltækar upplýsingar sem munu gagnast við að bera kennsl á loftfarið og fara þess á leit að gripið verði til aðgerða í samræmi við 1.5.2.1;
 - koma skilaboðum á milli hins einelta loftfars og viðeigandi þjónustueiningar flugumferðar, eineltistjórnstöðvar eða eineltiloftfarsins.

Kafli 2 — Flugstjórnarþjónusta

2.1 Beiting

2.1.1 Flugstjórnarþjónusta skal veita:

- a) öllu blindflugi í loftrýmisflokkum A, B, C, D og E;
- b) öllu sjónflugi í loftrýmisflokkum B, C og D;
- c) öllu sérlegu sjónflugi;
- d) allri umferð á flugvöllum með flugturni.

2.2 Starfræksla flugstjórnarþjónustu.

2.2.1 Til þess að flugstjórnardeild sé fært að sinna skyldum sínum skal hún:

- a) fá upplýsingar um fyrirætlaðar hreyfingar hvers loftfars, eða breytingar þar á, og uppfærðar upplýsingar um raunverulega framvindu hvers loftfars;
- b) skera úr um staðsetningu þekktra loftfara út frá hvort öðru út frá þeim upplýsingum sem berast;
- c) gefa út heimildir og upplýsingar sem ætlað er að koma í veg fyrir árekstra á milli loftfara undir stjórn hennar og að flýta fyrir og viðhalda skipulögðu flæði umferðar;
- d) samræma heimildir við aðrar einingar, eins og þörf krefur:
 - 1) hvenær sem loftfar gæti annars stangast á við umferð sem starfrækt er undir stjórn annarra slíkra eininga;
 - 2) áður en stjórn loftfars er flutt yfir til annarra slíkra eininga.

2.2.2 Heimildir sem gefnar eru út af flugstjórnardeild skulu veita aðskilnað:

- a) á milli alls flugs í loftrýmisflokkum A og B;
- b) á milli blindflugs í loftrýmisflokkum C, D og E;
- c) á milli blindflugs og sjónflugs í loftrýmisflokki C;
- d) á milli blindflugs og sérlegs sjónflugs;
- e) á milli sérlegs sjónflugs nema að hið lögbæra stjórnvald kveði á um annað;

að því undanskildu þegar flugmaður loftfars fer þess á leit og það er samþykkt af flugmanni hins loftfarsins og ef hið lögbæra stjórnvald kveður á um það fyrir þau tilvik sem útlistuð eru í b) hér að ofan í loftrýmisflokkum D og E, má heimila flug, viðhaldi það sínum eigin aðskilnaði í ákveðnum hluta flugsins undir 3.050 m (10.000 fetum) í klifri eða lækkun, að degi til við sjónflugsskilyrði.

2.2.3 Nema í tilvikum þegar hægt er að beita minnkun á lágmarksaðskilnaði í nágrenni við flugvelli, skal stjórnneining flugumferðar ná fram aðskilnaði með a.m.k. einu eftirfarandi:

- a) hæðaraðskilnaði, sem fenginn er með því að úthluta mismunandi fluglagi af töflu yfir farflugslagi í viðbæti 2 við viðaukann við þessa reglugerð, að því undanskildu að samtenging þeirra flughæðaferla gildir ekki þegar annað er gefið til kynna í viðeigandi fluglýsingahandbókum eða heimildum frá flugumferðarstjórn. Lágmarkshæðaraðskilnaðurinn skal vera að lágmarki 300 m (1.000 fet) upp að og að meðtöldu fluglagi 410 og að lágmarki 600 m (2.000 fet) yfir þessu fluglagi;

- b) láréttum aðskilnaði, sem fenginn er með:
 - 1) lengdaraðskilnaði, með því að viðhalda bili á milli loftfara á sömu ferlum, ferlum sem skerast í sama punkti eða andstæðum ferlum, mældum í tíma eða fjarlægð; eða
 - 2) hliðaraðskilnaði, með því að halda loftförum á aðgreindum flugleiðum eða með landfræðilegri aðgreiningu.

2.3 Lágmarksaðskilnaður

- 2.3.1 Val á lágmarksaðskilnaði til beitingar innan tiltekins hluta loftrýmis skal framkvæmt af viðkomandi ANSP sem ber ábyrgð á veitingu flugumferðarþjónustu og samþykkt er af viðkomandi lögbæru stjórnvaldi.
- 2.3.2 Hvað varðar umferð sem fer á milli nærliggjandi loftrýma og hvað varðar flugleiðir sem eru nær sameiginlegum mörkum nærliggjandi loftrýma en sá lágmarksaðskilnaður sem við á í þeim aðstæðum, skal val á lágmarksaðskilnaði framkvæmt í samráði milli ANSPs sem bera ábyrgð á veitingu flugumferðarþjónustu í nærliggjandi loftrýmum.
- 2.3.3 Upplýsingar um valinn lágmarksaðskilnað og hvar honum er beitt skulu gefnar:
 - a) viðkomandi þjónustueiningum flugumferðar; og
 - b) flugmönnum og flugrekendum í gegnum flugmálalögreglu, þar sem aðskilnaður byggist á notkun loftfars á tilgreindum leiðsögutækjum eða tilgreindum leiðsöguaðferðum.

2.4 Flugheimildir

- 2.4.1 Flugheimildir skulu byggjast að fullu á kröfunum fyrir veitingu flugstjórnarþjónustu.
- 2.4.2 Innihald flugheimilda
 - 2.4.2.1 Í flugheimild skal koma fram:
 - a) kallmerki loftfars eins og það liggur fyrir í flugáætlun;
 - b) heimildarmark;
 - c) flugleið;
 - d) fluglag/lög fyrir alla flugleiðina eða hluta hennar og breytingar á fluglagi, gerist þess þörf;
 - e) öll nauðsynleg fyrirmæli eða upplýsingar hvað varðar önnur mál, eins og flugbrögð við aðflug eða brottflug, samskipti og gildistíma heimildarinnar.
 - 2.4.3 Flugheimild fyrir flug í kringum hljóðhraða
 - 2.4.3.1 Sú flugheimild sem snýr að þeim hluta hljóðfrás flugs þar sem hröðunin upp í og yfir hljóðhraða fer fram skal a.m.k. ná til loka þess hluta flugsins.
 - 2.4.3.2 Sú flugheimild sem snýr að hraðaminnkun og lækkun loftfars úr farflugi yfir hljóðhraða í flug undir hljóðhraða skal leitast við að stuðla að ótruflaðri lækkun á meðan á hljóðhraðastiginu stendur.
 - 2.4.4 Baklestur flugheimilda og öryggistengdar upplýsingar
 - 2.4.4.1 Flugáhöfnin skal lesa til baka fyrir flugumferðarstjóra öryggistengda hluta ATC flugheimilda og fyrirmæli sem send eru með talsambandi. Eftirfarandi atriði skulu ávallt lesin til baka:
 - a) ATC flugleiðaheimildir;

- b) heimildir og fyrirmæli um að koma inn, lenda, fara á loft frá, bíða, fara yfir, aka og fara til baka á hvaða flugbraut sem er; og
- c) flugbraut í notkun, stilling hæðarmælis, SSR kóðar, samskiptarásir sem nýlega hefur verið úthlutað, fluglagsfyrirmæli, stefnu- og hraðafyrirmæli; og
- d) skiptilög, hvort sem þau eru gefin út af flugumferðarstjóra eða innifalin í ATIS útsendingum.

2.4.4.1.1 Aðrar heimildir eða fyrirmæli, þar á meðal skilyrtar heimildir og akstursfyrirmæli, skulu lesnar til baka fyrir flugumferðarstjóra eða móttaka þeirra staðfest á þann hátt sem gefur til kynna á skýran hátt að þau hafi skilist og þeim verði fylgt.

2.4.4.1.2 Flugumferðarstjórinn skal hlusta á baklesturinn til að fá fullvissu um að flugáhöfnin hafi móttengið heimildina eða fyrirmælin og muni grípa til tafarlausra aðgerða til að leiðrétta öll frávik sem baklesturinn hefur leitt í ljós.

2.4.4.2 Munnlegs baklesturs CPDLC skilaboða er ekki krafist, nema að ANSP kveði á um annað.

2.4.5 Samræming flugheimilda

2.4.5.1 Flugheimild skal samræmd á milli flugstjórnardeilda innan flugleiðar loftfars í heild sinni eða til tiltekins hluta hennar eins og lýst er í ákvæðum 2.4.5.1.1 til 2.4.5.4.

2.4.5.1.1 Loftfar skal hljóta heimild fyrir alla flugleiðina til flugvallar fyrstu ætlaðrar landingar:

- a) þegar það hefur verið mögulegt, fyrir brottför, að samræma heimildina á milli allra þeirra deilda sem munu hafa loftfarið undir sinni stjórn; eða
- b) þegar það er nægileg víska fyrir því að samræmingu verði komið á áður milli þessara deilda sem munu í kjölfarið hafa loftfarið undir sinni stjórn.

2.4.5.2 Þegar samræmingu líkt og í 2.4.5.1.1 hefur ekki verið komið á eða er ekki fyrirsjáanleg, skal loftfarið hljóta flugheimild aðeins að þeim stað þar sem samræming er nægilega viss; áður en komið er að þeim punkti, eða á þeim punkti, skal loftfarið fá frekari flugheimild, biðflugsfyrirmæli verða gefin út eins og við á.

2.4.5.2.1 Þegar slíkt er fyrirskipað af ATS einingunni, skal loftfar hafa samband við stjórneiningu flugumferðar síðar á flugleiðinni, í þeim tilgangi að fá flugheimild síðar á flugleið áður en komið er að afhendingarstað flugstjórnar.

2.4.5.2.1.1 Loftfar skal viðhalda nauðsynlegum gagnkvæmum samskiptum við núverandi flugstjórnardeild á meðan það er að fá flugheimild síðar á flugleiðinni.

2.4.5.2.1.2 Heimild sem gefin er út sem flugheimild síðar á flugleiðinni skal vera greinilega auðkennd sem slík fyrir flugmanninum.

2.4.5.2.1.3 Nema því aðeins að þær séu samhæfðar, hafa flugheimildir síðar á flugleið ekki áhrif á upphaflegt flugsnið loftfarsins í neinu loftrými, öðru en því sem tilheyrir þeirri stjórneiningu flugumferðar sem ber ábyrgð á afhendingu flugheimildarinnar síðar á flugleið.

2.4.5.3 Þegar loftfar hyggur á brottflug frá flugvelli innan svæðis sem er undir flugumferðarstjórn og hyggst halda inn á annað svæði undir flugumferðarstjórn innan þrjátíu mínútna, eða innan tiltekins tíma sem viðkomandi flugumferðarstjórnir hafa gert samkomulag um, skal koma til leiðar samræmingu við þá svæðisstjórnarmiðstöð sem tekur við áður en gefin er út heimild til brottflugs.

2.4.5.4 Þegar loftfar hyggst yfirgefa svæði undir flugumferðarstjórn og fljúga utan svæða sem eru undir flugumferðarstjórn, og mun í kjölfarið koma aftur inn á sama svæði eða annað svæði sem er undir flugumferðarstjórn, má gefa út heimild frá brottflugsstað til flugvallar fyrstu ætlaðrar

lendingar. Slíkar heimildir eða leiðréttingar á þeim skulu aðeins gilda um þá hluta flugsins sem fram fara innan loftrýmis sem er undir flugumferðarstjórn.

2.5 Stjórn á einstaklingum og farartækjum á flugvöllum

2.5.1 Færslu einstaklinga eða farartækja, þar á meðal loftfara sem eru dregin, á flugsvæði flugvallar skal stjórnað af flugturni flugvallarins eins og þörf krefur, til að forðast að hætta stafi að þeim eða að loftförum í lendingu, akstri eða flugtaki.

2.5.2 Við skilyrði þar sem verklagi vegna lítils skyggnis er beitt:

- a) skal fólki og farartækjum sem starfa á flugsvæði flugvallar skal haldið í nauðsynlegu lágmarki og sérstök athygli skal veitt kröfunum til verndar ILS/MLS viðkvæmum svæðum þegar nákvæmnisblindflugsaðgerðir úr flokki II eða flokki III eru yfirstandandi;
- b) háð ákvæðunum í 2.5.3, skal lágmarksaðskilnaður á milli farartækja og loftfara í akstri vera eins og hann er tilgreindur af ANSP og samþykktur af hinu lögbæra stjórnvaldi og tekið skal um leið tillit til tiltækra hjálpartækja;
- c) þegar blandaðar nákvæmnisblindflugsaðgerðir úr ILS og MLS flokki II eða flokki III eiga sér stað samfelt á sömu flugbraut, skal verja þau meira takmarkandi svæði sem eru viðkvæm og mikilvæg fyrir ILS eða MLS.

2.5.3 Neyðarfarartæki sem halda til aðstoðar við loftför í neyð skulu hljóta forgang umfram alla aðra umferð á jörðu niðri.

2.5.4 Háð ákvæðunum í 2.5.3, skal farartækjum á flugsvæði vera gert að uppfylla eftirtaldar reglur:

- a) farartæki og farartæki sem draga loftför skulu víkja fyrir loftförum sem eru að lenda, taka á loft eða eru í akstri;
- b) farartæki skulu víkja fyrir öðrum farartækjum sem draga loftför;
- c) farartæki skulu víkja fyrir öðrum farartækjum í samræmi við fyrirmæli flugumferðarþjónustudeildar;
- d) þrátt fyrir ákvæðin í a), b) og c), skulu farartæki og farartæki sem draga loftför fara að fyrirmælum flugturns.

2.6 Sérlegt sjónflug á flugstjórnarsviðum

2.6.1 Sérlegt sjónflug má leyfa innan flugstjórnarsviðs, háð ATC heimild. Nema þegar slíkt er leyft af hinu lögbæra stjórnvaldi fyrir þyrlur í sérstökum tilvikum eins og sjúkraflugi, leitar- og björgunaraðgerðum og slökkvistarfi, skal eftirtöldum viðbótarskilyrðum beitt:

- a) af flugmanninum:
 - i) laus við ský og með yfirborð í sjónmáli;
 - ii) flugskyggni er ekki undir 1.500 m eða, fyrir þyrlur, ekki undir 800 m;
 - iii) við hraða sem nemur 140 hnúta IAS eða minna svo að nægt ráðrúm sé gefið til að koma auga á aðra umferð og allar hindranir tímanlega svo hægt sé að forðast árekstur; og
- b) af ATC:
 - i) að degi til einvörðungu, nema að annað sé heimilað af hinu lögbæra stjórnvaldi;
 - ii) skyggni á jörðu niðri er ekki undir 1.500 m eða, fyrir þyrlur, ekki undir 800 m;
 - iii) skýjaþekjuhæð eru ekki undir 180 m (600 fetum).

Kafli 3 — Flugupplýsingaþjónusta

3.1 Beiting

- 3.1.1 Flugupplýsingaþjónusta skal veitt af viðeigandi flugumferðarþjónustudeildum, öllum loftförum sem líklegt er að upplýsingarnar hafi áhrif á og sem:
- hljóta flugstjórnarþjónustu; eða
 - hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeildir vita af á annan máta..
- 3.1.2 Móttaka flugupplýsingaþjónustu afléttir engri ábyrgð af flugstjóra loftfars og skal hann taka lokaákvörðun varðandi allar tillagðar breytingar á flugáætlun.
- 3.1.3 Þar sem flugumferðarþjónustudeildir veita bæði flugupplýsingaþjónustu og flugstjórnarþjónustu skal veiting þjónustu flugstjórnarþjónustu hafa forgang fram yfir veitingu flugupplýsingaþjónustu hvenær sem veiting flugumferðarþjónustu krefst þess.

3.2 Umfang flugupplýsingaþjónustu

- 3.2.1 Flugupplýsingaþjónusta skal fela í sér veitingu á nauðsynlegum:
- SIGMET og AIRMET upplýsingum;
 - upplýsingum er varða eldfjallavirkni sem er fyrirboði eldgoss, eldgos og gosöskuský;
 - upplýsingum er varða losun geislavirkra efna eða eiturefna út í andrúmsloftið;
 - upplýsingum um breytingar á tiltækileika fjarleiðsöguþjónustu;
 - upplýsingum um breytingar á skilyrðum á flugvöllum og tengdri aðstöðu, þar á meðal upplýsingum um ástand flugvallarhlaða þegar á þeim er snjór, klaki eða verulegt dýpi vatns.
 - upplýsingum um ómannaða lausa loftbelgi;
- og öllum öðrum upplýsingum sem líklegar eru til að hafa áhrif á öryggi.
- 3.2.2 Flugupplýsingaþjónustu sem veitt er flugi skal fela í sér, til viðbótar við það sem útlistað er í 3.2.1, veitingu upplýsinga er lúta að:
- uppgefnum veðurskilyrðum eða spá við brottfarar-, ákvörðunar- og varaflugvelli.
 - árekstrarhættu sem steðjar að loftförum sem starfrækt eru í loftrýmisflokkum C, D, E, F og G;
 - hvað varðar flug yfir vatnssvæðum, svo lengi sem það er mögulegt og umbeðið af flugmanni, öllum tiltækum upplýsingum, eins og fjarskiptakallmerki, staðsetningu, raunverulegum flugferlum, hraða o.s.frv., skipa og báta á svæðinu.
- 3.2.3 Flugupplýsingar sem veittar eru sjónflugi skulu fela í sér, til viðbótar við það sem útlistað er í 3.2.1, veitingu tiltækra upplýsinga er lúta að umferð og veðurskilyrðum á flugleiðinni sem eru líkleg til að gera sjónflug ógerlegt.

3.3 Sjálfvirkt flugvallarútvarp (e. Automatic Terminal Information Service, ATIS)

- 3.3.1 Notkun ATIS skilaboðanna í stýrðum fyrirspurnar-/svarútsendingum
- 3.3.1.1 Þegar þess er farið á leit af flugmanninum, skulu viðeigandi ATIS skilaboð send af viðkomandi flugumferðarþjónustudeild.
- 3.3.1.2 Hvenær sem Voice-ATIS og/eða D-ATIS eru veitt:

- a) skal loftfar staðfesta móttöku upplýsinganna þegar samskiptum er komið á við ATS eininguna sem veitir aðflugsstjórnarþjónustu við aðflug, flugturn flugvallarins eða flugvallarupplýsingaþjónustuna (e. Aerodrome Flight Information Service, AFIS), eins og við á; og
- b) skal viðeigandi þjónustueining flugumferðar, þegar hún svarar loftfari sem staðfestir móttöku ATIS skilaboða eða, hvað varðar komuloftfar, á hvaða öðrum tíma sem hið lögbæra stjórnvald mælir fyrir um, veita loftfarinu núverandi hæðarmælistillingu.

3.3.1.3 Upplýsingar sem innifaldar eru í gildandi ATIS, og sem viðkomandi loftfar hefur staðfest móttöku á, þurfa ekki að vera innifaldar í stýrðum útsendingum til loftfarsins, að undanskilinni stillingu hæðarmælisins, sem skal veitt í samræmi við 3.3.1.2.

3.3.1.4 Staðfesti loftfar móttöku ATIS sem ekki er lengur gildandi, skulu allir upplýsingaþættir sem krefjast uppfærslu tafarlaust sendir loftfarinu.

3.3.2 ATIS fyrir komu- og brottfararloftför

3.3.2.1 ATIS skilaboð sem innihalda bæði komu- og brottfararupplýsingar skulu fela í sér eftirtalda upplýsingaþætti í eftirfarandi röð:

- a) nafn flugvallar;
- b) komu- og/eða brottfararvísi;
- c) samningsgerð, séu samskipti í gegnum D-ATIS;
- d) kennimerki;
- e) tíma athugunar, ef við á;
- f) tegund(ir) aðflugs sem vænta skal;
- g) flugbraut(ir) í notkun; stöðu fangbúnaðar sem skapar hugsanlega hættu, ef við á;
- h) mikilvæg skilyrði á yfirborði flugbrautar og, ef við á, bremsuskilyrði;
- i) biðflugstöf, ef við á;
- j) skiptilag, ef við á;
- k) aðrar mikilvægar aðgerðatengdar upplýsingar;
- l) yfirborðsvindátt og -hraða, þar á meðal markverðan breytileika þar á og, séu yfirborðsvindmælar tiltækir sem tengjast flugbraut(um) í notkun sérstaklega og flugrekendur þurfa upplýsingarnar, merkingu flugbrautarinnar og þess hluta flugbrautarinnar sem upplýsingarnar eiga við um;
- m) skyggni og, þegar við á, RVR; ⁽⁴⁾
- n) núverandi veður; ^(*)
- o) ský lægra en 1.500 m (5.000 fet) eða lægra en hæsta lágmarksflughæð í geira, hvort sem er hærrí; skúraský; ef ekki sést til skýja vegna dimmviðris, lóðrétt skyggni þegar við á; ^(*)
- p) lofthita;
- q) hitastig daggarmarks;
- r) stillingu/stillingar hæðarmælis;

⁴ *) Í stað þessara þátta kemur hugtakið 'CAVOK' þegar eftirfarandi aðstæður eiga sér stað samtímis við athugun: a) skyggni, 10 km eða meira, og minnsta skyggni sem ekki er tilkynnt um; b) ekkert markvert ský; og c) ekkert markvert veður fyrir flug.

- s) allar tiltækar upplýsingar um markverð veðurfræðileg fyrirbæri á aðflugs- og fráklifurssvæðum þar á meðal vindhvörf, og upplýsingar um nýlegt markvert veður;
- t) leitnispá, þegar hún er tiltæk; og
- u) sérstök ATIS fyrirmæli.

3.3.3 ATIS fyrir komulofför

3.3.3.1 ATIS skilaboð sem innihalda komuupplýsingar skulu aðeins fela í sér eftirtalda upplýsingaþætti í eftirfarandi röð:

- a) nafn flugvallar;
- b) komuvísi;
- c) samningsgerð, séu samskipti í gegnum D-ATIS;
- d) kennimerki;
- e) tíma athugunar, ef við á;
- f) tegund(ir) væntanlegs aðflugs;
- g) aðalflugbraut(ir); stöðu fangbúnaðar sem skapar hugsanlega hættu, ef einhver er;
- h) mikilvæg skilyrði á yfirborði flugbrautar og, ef við á, bremsuskilyrði;
- i) biðflugstöf, ef við á;
- j) skiptilag, ef við á;
- k) aðrar mikilvægar aðgerðatengdar upplýsingar;
- l) yfirborðsvindátt og -hraða, þar á meðal markverðan breytileika þar á og, séu yfirborðsvindmælar tiltækir sem tengjast flugbraut(um) í notkun sérstaklega og flugrekendur þurfa upplýsingarnar, merkingu flugbrautarinnar og þess hluta flugbrautarinnar sem upplýsingarnar eiga við um;
- m) skyggni og, þegar við á, RVR; (*)
- n) núverandi veður; (5)
- o) ský lægra en 1.500 m (5.000 fet) eða lægra en hæsta lágmarksflughæð í geira, hvort sem er hærrí; skúraský; ef ekki sést til skýja vegna dimmviðris, lóðrétt skyggni þegar við á; (*)
- p) lofthita;
- q) hitastig daggarmarks;
- r) stillingu/stillingar hæðarmælis;
- s) allar tiltækar upplýsingar um markverð veðurfræðileg fyrirbæri á aðflugssvæðinu þar á meðal vindhvörf, og upplýsingar um nýlegt markvert veður;
- t) leitnispá, þegar hún er tiltæk; og
- u) sérstök ATIS fyrirmæli.

3.3.4 ATIS fyrir brottfararloftför

⁵ *) Í stað þessara þátta kemur hugtakið 'CAVOK' þegar eftirfarandi aðstæður eiga sér stað samtímis við athugun: a) skyggni, 10 km eða meira, og minnsta skyggni sem ekki er tilkynnt um; b) ekkert markvert ský; og c) ekkert markvert veður fyrir flug.

3.3.4.1 ATIS skilaboð sem innihalda brottfararupplýsingar skulu aðeins fela í sér eftirtalda upplýsingaþætti í eftirfarandi röð:

- a) nafn flugvallar;
- b) brottfararvísi;
- c) samningsgerð, séu samskipti í gegnum D-ATIS;
- d) kennimerki;
- e) tíma athugunar, ef við á;
- f) flugbraut(ir) sem nota á fyrir flugtök; stöðu fangbúnaðar sem felur í sér hugsanlega hættu, ef einhver er;
- g) mikilvæg yfirborðsskilyrði flugbrauta(r) sem nota á fyrir flugtök og, ef við á, bremsuskilyrði;
- h) brottflugstöf, ef við á;
- i) skiptilag, ef við á;
- j) aðrar mikilvægar aðgerðatengdar upplýsingar;
- k) yfirborðsvindátt og -hraða, þar á meðal markverðan breytileika þar á og, séu yfirborðsvindmælar tiltækir sem tengjast flugbraut(um) í notkun sérstaklega og loftfarsrekendur þurfa upplýsingarnar, merkingu flugbrautarinnar og þess hluta flugbrautarinnar sem upplýsingarnar eiga við um;
- l) skyggni og, þegar við á, RVR; (*)
- m) núverandi veður; (6)
- n) ský lægra en 1.500 m (5.000 fet) eða lægra en hæsta lágmarksflughæð í geira, hvort sem er hærrí; skúraský; ef ekki sést til skýja vegna dimmviðris, lóðrétt skyggni þegar við á; (*)
- o) lofthita;
- p) hitastig daggarmarks;
- q) stillingu/stillingar hæðarmælis;
- r) allar tiltækar upplýsingar um markverð veðurfræðileg fyrirbæri á fráklifurssvæðinu, þar á meðal vindhvörf;
- s) leitnispá, þegar hún er tiltæk; og
- t) sérstök ATIS fyrirmæli.

Kaflí 4 — Viðbúnaðarþjónusta

4.1 Beiting

4.1.1 Viðbúnaðarþjónusta skal veitt af þjónustueiningum flugumferðar:

- a) fyrir öll loftför sem hljóta þjónustu flugumferðarstjórnar;

⁶ *) Í stað þessara þátta kemur hugtakið 'CAVOK' þegar eftirfarandi aðstæður eiga sér stað samtímis við athugun: a) skyggni, 10 km eða meira, og minnsta skyggni sem ekki er tilkynnt um; b) ekkert markvert ský; og c) ekkert markvert veður fyrir flug.

- b) að því marki sem framkvæmanlegt er, öllum öðrum loftförum sem hafa lagt fram flugáætlun eða eru á annan hátt þekkt af flugumferðarþjónustu; og
- c) öllum loftförum sem vitað er eða talið er að hafi orðið fyrir ólöglegu athæfi.

4.2 Upplýsingar til loftfara sem starfa nærri loftfari sem í er neyðarástand

- 4.2.1 Þegar það hefur verið staðfest af þjónustueiningu flugumferðar að neyðarástand sé um borð í loftfari, skulu önnur loftför sem vitað er að eru í nágrenni við viðkomandi loftfar upplýst um eðli neyðarástandsins, eins fljótt og framkvæmanlegt er, að undanskildu því sem kveðið er á um í 4.2.2.
- 4.2.2 Þegar þjónustueining flugumferðar veit eða telur að loftfar hafi orðið fyrir ólöglegu athæfi, skal engin skírskotun gerð í ATS samskiptum milli loftfars og jarðar hvað varðar eðli neyðarástandsins nema að fyrst hafi verið vísað til þess í samskiptum frá viðkomandi loftfari og öruggt er að slík skírskotun geri ástandið ekki enn verra.

Kaflí 5 — Þjónusta tengd veðurfræði — Veðurathugun loftfara og skýrslur með talsamskiptum

5.1 Tegundir veðurathugana loftfara

- 5.1.1 Eftirtaldar veðurathuganir loftfars skulu framkvæmdar á hvaða stigi flugsins sem er:
 - a) sérstakar veðurathuganir loftfars; og
 - b) aðrar óhefðbundnar veðurathuganir loftfars.

5.2 Sérstakar veðurathuganir loftfars

- 5.2.1 Sérstakar veðurathuganir skulu framkvæmdar og tilkynnt um þær af öllum loftförum hvenær sem eftirtaldar aðstæður koma upp eða þeirra verður vart:
 - a) ókyrrð í meðallagi eða alvarleg ókyrrð; eða
 - b) ísing í meðallagi eða alvarleg ísing; eða
 - c) alvarleg fjallabylgja; eða
 - d) þrumuveður, án hagléls, sem eru dimm, hulin, útbreidd eða í skúragörðum; eða
 - e) þrumuveður, með hagléli, sem eru dimm, hulin, útbreidd eða í skúragörðum; eða
 - f) mikill rykstormur eða mikill sandstormur; eða
 - g) gosöskuský; eða
 - h) h) eldvirkni, eldgos eða gosmökkur. 5.2.2 Lögbær stjórnvöld skulu eftir þörfum kveða á um önnur skilyrði sem skulu tilkynnt af öllum loftförum þegar þau mæta þeim eða verða þeirra vör.

5.3 Aðrar óhefðbundnar veðurathuganir loftfars

- 5.3.1 Þegar loftfar mætir öðrum veðurfræðilegum skilyrðum sem ekki er að finna undir 5.2.1, t.d. vindhvörfum og sem, að áliti flugstjórans, gætu haft áhrif á öryggi eða haft veruleg áhrif á skilvirkni annarra aðgerða loftfarsins, skal flugstjórinn upplýsa viðeigandi þjónustueiningar flugumferðar eins fljótt og auðið er.

5.4 Tilkynning um veðurathuganir loftfara með talsamskiptum

- 5.4.1 Veðurathuganir loftfara skulu tilkynntar á meðan á flugi stendur á þeim tíma sem athugunin fer fram eða eins fljótt í kjölfarið og framkvæmanlegt er.
- 5.4.2 Veðurathuganir loftfara skulu tilkynntar sem flugskýrslur og skulu uppfylla hinar tæknilegu lýsingar í viðbæti 5.

5.5 Skipst á flugskýrslum

- 5.5.1 ATS einingar skulu senda, eins fljótt og auðið er, sérstakar og óhefðbundnar flugskýrslur til:
- a) annarra viðkomandi loftfara;
 - b) viðkomandi aðalveðurstofu (e. meteorological watch office, MWO); og
 - c) annarra viðkomandi ATS eininga.
- 5.5.2 Útsendingar til loftfara skulu endurteknar á þeirri tíðni og þeim haldið áfram í þann tíma sem viðkomandi ATS eining ákveður.

VIÐBÆTIR 4 — ATS LOFTRÝMISFLOKKAR — VEITT ÞJÓNUSTA OG FLUGKRÖFUR

(Hluti B, kafli 1, 1.2.1 vísar)

<i>Flokkur</i>	<i>Tegund flugs</i>	<i>Veittur aðskilnaður</i>	<i>Veitt þjónusta</i>	<i>Hraðatakörk (*)</i>	<i>Kröfur um talstöðvahæfni</i>	<i>Samfelld gagnkvæm ráðsamskipti milli loftfars og jarðar sem krafist er</i>	<i>Háð ATC heimild</i>
A	IFR aðeins	Öll loftför	Þjónusta flugumferðarstjórnar	Á ekki við	Já	Já	Já
B	IFR	Öll loftför	Þjónusta flugumferðarstjórnar	Á ekki við	Já	Já	Já
	VFR	Öll loftför	Þjónusta flugumferðarstjórnar	Á ekki við	Já	Já	Já
C	IFR	IFR frá IFR IFR frá VFR	Þjónusta flugumferðarstjórnar	Á ekki við	Já	Já	Já
	VFR	VFR frá IFR	1) Þjónusta flugumferðarstjórnar fyrir aðskilnað frá IFR; 2) VFR/VFR umferðarupplýsingar (og ráðgjöf til að afstýra árekstri, sé þess farið á leit)	250 hnútar IAS undir 3.050 m (10.000 fet) AMSL	Já	Já	Já
D	IFR	IFR frá IFR	Þjónusta flugumferðarstjórnar, umferðarupplýsingar varðandi VFR flug (og ráðgjöf til að afstýra árekstri, sé þess farið á leit)	250 hnútar IAS undir 3.050 m (10.000 fet) AMSL	Já	Já	Já

<i>Flokkur</i>	<i>Tegund flugs</i>	<i>Veittur aðskilnaður</i>	<i>Veitt þjónusta</i>	<i>Hraðatakörk (*)</i>	<i>Kröfur um talstöðvahæfni</i>	<i>Samfelld gagnkvæm ráðsamskipti milli loftfars og jarðar sem krafist er</i>	<i>Háð ATC heimild</i>
	VFR	Enginn	IFR/VFR og VFR/VFR umferðarupplýsingar (og ráðgjöf til að afstýra árekstri sé þess farið á leit)	250 hnútar IAS undir 3.050 m (10.000 fet) AMSL	Já	Já	Já
E	IFR	IFR frá IFR	Þjónusta flugumferðarstjórnar og, að því marki sem gagnlegt umferðarupplýsingar um VFR flug	250 hnútar IAS undir 3.050 m (10.000 fet) AMSL	Já	Já	Já
	VFR	Enginn	Umferðarupplýsingar eins og við verður komið	250 hnútar IAS undir 3.050 m (10.000 fet) AMSL	Nei (**)	Nei (**)	Nei
F	IFR	IFR frá IFR eins og við verður komið	Ráðleggjandi flugumferðarþjónusta; flugupplýsingaþjónusta sé þess farið á leit	250 hnútar IAS undir 3.050 m (10.000 fet) AMSL	Já (***)	Nei (***)	Nei
	VFR	Ekkert	Flugupplýsingaþjónusta sé þess farið á leit	250 hnútar IAS undir 3.050 m (10.000 fet) AMSL	Nei (**)	Nei (**)	Nei

<i>Flokkur</i>	<i>Tegund flugs</i>	<i>Veittur aðskilnaður</i>	<i>Veitt þjónusta</i>	<i>Hraðatakörk (*)</i>	<i>Kröfur um talstöðvahæfni</i>	<i>Samfelld gagnkvæm raddamskipti milli loftfars og jarðar sem krafist er</i>	<i>Háð ATC heimild</i>
G	IFR	Ekkert	Flugupplýsingaþjónusta sé þess farið á leit	250 hnútar IAS undir 3.050 m (10.000 fet) AMSL	Já (**)	Nei (**)	Nei
	VFR	Ekkert	Flugupplýsingaþjónusta sé þess farið á leit	250 hnútar IAS undir 3.050 m (10.000 fet) AMSL	Nei (**)	Nei (**)	Nei
(*) Þegar lag skiptihæðar er lægra en 3.050 m (10.000 fet) AMSL, ætti að nota FL 100 í stað 10.000 feta.							
(**) Flugmenn skulu halda samfelldri raddamskiptavakt milli loftfars og jarðar og koma á gagnkvæmum samskiptum, eins og þörf krefur, á viðeigandi samskiptarás í RMZ.							
(***) Raddamskipti milli loftfars og jarðar eru skyldubundin fyrir flug sem taka þátt í ráðleggjandi þjónustunni. Flugmenn skulu halda samfelldri raddamskiptavakt milli loftfars og jarðar og koma á gagnkvæmum samskiptum, eins og þörf krefur, á viðeigandi samskiptarás í RMZ.							

VIÐBÆTIR 5

KRÖFUR ER VARÐA ÞJÓNUSTU Í FLUGLEIÐSÖGU

TÆKNILÝSINGAR SEM TENGJAST VEÐURATHUGUNUM LOFTFARA OG SKÝRSLUM MEÐ MUNNLEGUM SAMSKIPTUM

1. EFNI FLUGSKÝRSLNA

1.1 SÉRSTAKAR FLUGSKÝRSLUR

1.1.1 Atriðin í sérstökum flugskýrslum skulu vera:

Kennimerki tegundar skilaboða

Liður 1 (staðsetningarupplýsingar)

Auðkenning loftfars

Staðsetning eða breiddargráða og lengdargráða

Tími

Fluglag eða fluglög

Liður 3 (veðurfræðilegar upplýsingar)

Aðstæður sem hvetja til sérstakrar flugskýrslu, sem velja skal af listanum sem er að finna í hluta B, kafla 5, málsgrein 5.2.1.

2. SÉRSTÖK ÁKVÆÐI ER LÚTA AÐ TILKYNNINGU UM VINDHVÖRF OG GOSÖSKU

2.1 Tilkynning um vindhvörf

2.1.1 Þegar tilkynnt er um veðurathugun loftfars um vindhvörf í fráklifurs- og aðflugsstigi flugs, skal tegund loftfars innifalin.

2.1.2 Þar sem tilkynnt var um vindhvörf í fráklifurs- og aðflugsstigi flugs eða spáð var fyrir um þau og þau gerðu ekki vart við sig, skal flugstjórinn upplýsa viðeigandi þjónustueiningu flugumferðar eins fljótt og framkvæmanlegt er nema ef flugstjórinn er meðvitaður um að viðeigandi þjónustueining flugumferðar hafi þegar verið upplýst af undanfarandi loftfari.

2.2 Eftirflugsskýrslugjöf um eldfjallavirkni

2.2.1 Við komu flugs á flugvöll, skal flugrekandinn eða flugáhafnar meðlimur tafarlaust skila fullgerðri skýrslu um eldfjallavirkni, til veðurstofu flugvallar, eða, sé slík stofa ekki auðveldlega aðgengileg flugáhafnar meðlimum komuloftfara, skal meðhöndla hið útfyllta eyðublað í samræmi við samþykka tilhögun veðurfræðiyfirvalda og flugrekandans.

2.2.2 Fullgerð skýrsla um eldfjallavirkni sem berst veðurstofu skal tafarlaust send þeirri aðalveðurstofu sem ber ábyrgð á veitingu veðurvaktar fyrir það flugupplýsingasvæði þar sem eldfjallavirkninnar varð vart.

Viðbætur við viðaukann

Listi yfir sameiginlega samþykkt frávík sem tilkynna skal til ICAO í samræmi við grein 5 í þessari reglugerð:

HLUTI B

Frávík milli hluta B og þeirra alþjóðlegu staðla sem er að finna í viðaukum 11 (13. útgáfu, til og með breytingu 47-B) og 3 (17. útgáfu, til og með breytingu 75) við samninginn um alþjóðlegt almenningflug.

<p>Frávík A11-01 ICAO viðauki 11 Kafli 2</p>	<p>Nýtt ákvæði. Reglugerð sambandsins, málsgrein 1.5.1.1.2, sem byggist á ICAO viðauka 11, málsgrein 2.24.1.1.1, athugasemd, tilgreinir:</p> <p>1.5.1.1.2 Kröfurnar í d) og e) skulu einnig gilda um þjónustueiningar flugumferðar sem upplýstar eru í samræmi við c).</p>
<p>Frávík A11-02 ICAO viðauki 11 Kafli 2</p>	<p>Nýtt ákvæði. Reglugerð sambandsins, málsgrein 1.5.1.1.3, sem byggist á ICAO viðauka 11, málsgrein 2.24.1.1.2 og málsgrein 2.24.1.1, athugasemd, tilgreinir:</p> <p>1.5.1.1.3 Þegar skorið hefur verið úr um staðsetningu loftfarsins, skal þjónustueining flugumferðar:</p> <p>a) upplýsa loftfarið um staðsetningu þess og leiðréttandi aðgerðir sem grípa skal til. Þessar upplýsingar skulu tafarlaust veittar þegar ATS er meðvituð um að möguleiki sé á einelti eða annarri hættu sem steðjar að öryggi loftfarsins; og</p> <p>b) veita, eins og þörf krefur, öðrum þjónustueiningum flugumferðar og viðkomandi herdeildum viðeigandi upplýsingar er lúta að hinu villuráfandi loftfari og alla leiðsögn sem veitt hefur verið því loftfari.</p>
<p>Frávík A11-03 ICAO viðauki 11 Kafli 2</p>	<p>Nýtt ákvæði. Reglugerð sambandsins, málsgrein 1.5.1.3, sem byggist á ICAO viðauka 11, málsgrein 2.23.3, athugasemd 1 og málsgrein 2.24.1.3, tilgreinir:</p> <p>1.5.1.3 Í tilviki villuráfandi eða óþekkt loftfars, skal íhugaður sá möguleiki að loftfarið hafi orðið fyrir ólöglegu athæfi. Telji þjónustueining flugumferðar að villuráfandi eða óþekkt loftfar hafi orðið fyrir ólöglegu athæfi, skal viðeigandi yfirvald sem tilnefnt er af ríkinu tafarlaust upplýst, í samræmi við samþykkt ferli á svæðinu.</p>

<p>Frávik A11-04 ICAO viðauki 11 Kafli 3</p>	<p>Nýtt ákvæði. Reglugerð sambandsins, málsgrein 2.2.2, tilgreinir:</p> <p>2.2.2 Heimildir sem gefnar eru út af stjórneiningum flugumferðar skulu veita aðskilnað:</p> <ul style="list-style-type: none"> a) á milli alls flugs í loftrýmisflokkum A og B; b) á milli blindflugs í loftrýmisflokkum C, D og E; c) á milli blindflugs og sjónflugs í loftrýmisflokki C; d) á milli blindflugs og sérlegs sjónflugs; e) á milli sérlegs sjónflugs nema að hið lögbæra stjórnvald kveði á um annað; <p>að því undanskildu þegar flugmaður loftfars fer þess á leit og það er samþykkt af flugmanni hins loftfarsins og ef hið lögbæra stjórnvald kveður á um það fyrir þau tilvik sem útlistuð eru í b) að ofan í loftrýmisflokkum D og E, má heimila flug, viðhaldi það sínum eigin aðskilnaði með tilliti til sérstaks hluta flugsins undir 3.050 m (10.000 fetum) í klifri eða lækkun, að degi til við sjónflugsskilyrði.</p>
<p>Frávik A11-05 ICAO viðauki 11 Kafli 3</p>	<p>Reglugerð sambandsins, málsgrein 2.4.4.1, tilgreinir (með viðbótinni við ICAO staðal í viðauka 11, 3.7.3.1 í undirstrikaða textanum):</p> <p>2.4.4 Baklestur heimilda og öryggistengdar upplýsingar</p> <p>2.4.4.1 Flugáhöfnin skal lesa til baka fyrir flugumferðarstjóra öryggistengda hluta ATC heimilda og fyrirmæla sem send eru með talsambandi. Eftirfarandi atriði skulu ávallt lesin til baka:</p> <ul style="list-style-type: none"> a) ATC flugleiðaheimildir; b) heimildir og fyrirmæli um að koma inn, lenda, fara á loft frá, bíða, fara yfir, <u>aka</u> og fara til baka á hvaða flugbraut sem er; og c) flugbraut í notkun, stilling hæðarmælis, SSR kóðar, <u>samskiptarásir sem nýlega</u> hefur verið úthlutað, fluglagsfyrirmæli, stefnu- og

<p>Frávik A11-06</p> <p>ICAO viðauki 11 Kafli 3</p>	<p>hraðafyrirmæli; og</p> <p>d) skiptilög, hvort sem þau eru gefin út af flugumferðarstjóra eða innifalin í ATIS útsendingum.</p> <p>Reglugerð sambandsins, málsgrein 2.4.4.1.1, tilgreinir (með viðbótinni við ICAO staðal í viðauka 11, 3.7.3.1.1 í undirstrikaða textanum):</p> <p>2.4.4.1.1 Aðrar heimildir eða fyrirmæli, þar á meðal skilyrtar heimildir <u>og akstursfyrirmæli</u>, skulu lesin til baka fyrir flugumferðarstjóra eða staðfest á þann hátt sem gefur til kynna á skýran hátt að þau hafi skilist og þeim verði fylgt.</p> <p>Nýtt ákvæði. Reglugerð sambandsins, málsgrein 2.6, tilgreinir:</p>
<p>Frávik A11-07</p> <p>ICAO viðauki 11 Kafli 3</p>	<p>2.6 Sérlegt sjónflug á flugstjórnarsviðum</p> <p>2.6.1 Sérlegt sjónflug er leyfilegt innan flugstjórnarsviðs, háð ATC heimild. Nema þegar slíkt er leyft af hinu lögbæra stjórnvaldi fyrir þyrlur í sérstökum tilvikum eins og sjúkraflugi, leitar- og björgunaraðgerðum og slökkvistarfi, skal eftirtöldum viðbótarskilyrðum beitt:</p> <p>a) af flugmanninum:</p> <ul style="list-style-type: none"> i) laus við ský og með yfirborð í sjónmáli; ii) flugskyggni er ekki undir 1.500 m eða, fyrir þyrlur, ekki undir 800 m; iii) við hraða sem nemur 140 hnúta IAS eða minna svo að nægt ráðrúm sé gefið til að koma auga á aðra umferð og allar hindranir tímanlega svo hægt sé að forðast árekstur; og <p>b) af ATC:</p> <ul style="list-style-type: none"> i) að degi til einvörðungu, nema að annað sé heimilað af hinu lögbæra stjórnvaldi; ii) skyggni á jörðu niðri er ekki undir 1.500 m eða, fyrir þyrlur, ekki undir 800 m; iii) skýjahæð er ekki undir 180 m (600 fetum).
<p>Frávik A11-08</p> <p>ICAO viðauki 11</p>	<p>Nýtt ákvæði. Reglugerð sambandsins, málsgrein 3.1.2, sem byggist á ICAO</p>

<p>Kaflir 4</p> <p>Frávik A3-01</p> <p>ICAO viðauki 3</p> <p>Kaflir 5</p>	<p>viðauka 11, málsgrein 4.1.1, athugasemd, tilgreinir:</p> <p>3.1.2 Móttaka flugupplýsingaþjónustu afléttir engri ábyrgð af flugstjóra loftfars og skal hann taka lokaákvörðun varðandi allar tillagðar breytingar á flugáætlun.</p> <p>Nýtt ákvæði. Reglugerð sambandsins, málsgrein 5.2.2, tilgreinir:</p> <p>5.2.2 Lögbær stjórnvöld skulu eftir þörfum kveða á um aðrar aðstæður sem skulu tilkynntar af öllum loftförum þegar þau mæta þeim eða verða þeirra vör.</p>
--	---